

Umhverfissvið
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 24. október 2018
UST201810-006/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Úlfarsfell - Vatnsgeymir

Vísað er til erindis umhverfissviðs Mosfellsbæjar er barst 28. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir vatnsgeymi í Úlfarsfelli.

Í lýsingu kemur fram að megin markmiðið er að deiliskipuleggja iðnaðarlóð fyrir vatnsgeymi ásamt aðkomuvegi frá Skarhólabraut og lögnum að og frá vatnsgeymi í austurhlíðum Úlfarsfells, þannig að framkvæmdir við uppbyggingu vatnsgeymis geti hafist og lausn verði fundin á lágum vatnsþrýstingi á neysluvatni í Mosfellsbæ. Einnig kemur fram að deiliskipulagið muni ná yfir 42,68 ha.


Iðnaðarlóð


Í lýsingu er fjallað um ofangreint svæði sem iðnaðarlóð, og tekur Umhverfisstofnun undir það að einungis svæði vatnstanksins verði skilgreint sem iðnaðarsvæði enda nær skilgreiningin iðnaðarsvæði yfir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi sem talin er geta haft í för með sér mengandi starfsemi.

Opið svæði

Í lýsingu kemur fram að um ofangreint svæði liggur reiðvegur sem er að mati stofnunarinnar mikilvægt að taka tillit til. Einnig er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að tekið verði tillit til útivistargildis svæðisins og að það rýrni sem minnst við ofangreindar framkvæmdir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur